

Ár 1991, miðvikudaginn 4. september, var í málinu nr. 4/1991 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svo hljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Með bréfi dagsettu 22. apríl 1991 sendu Ríkisspítalarnir Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi kæru, sem undirrituð var af hr. Ingólfi Þórisssyni:

"Varðar: Fasteignaskatt af húsi Ríkisspítala að Tunguhálsi 2, Reykjavík.

Ríkisspítalar óska eftir því að fasteignaskattur af Tunguhálsi 2 verði felldur niður.

Í húsinu er ýmis starfsemi þjónustudeildar Ríkisspítala, svo sem birgðastöð, dauðhreinsun og þvottahús."

Af hálfu Reykjavíkurborgar er því mótmælt, að umrædd fasteign njóti undanþágu frá fasteignaskatti. Í greinargerð lögfræði- og stjórnsýsludeildar borgarinnar, dags. 27. maí 1991, segir m.a.:

"Lóðin Tunguháls 2 er iðnaðarlóð í iðnaðarhverfi. Ekki hefur verið sótt um breytingu á landnotkun lóðarinnar í stofnanalóð. Starfsemi þvottahússins er hefðbundin iðnaðarstarfsemi rekin í iðnaðarhverfi víðsfjarri þeim stofnunum sem þvottahúsinu er ætlað að þjóna. Er því um að ræða hefðbundið þjónustufyrirtæki sem selur Ríkisspítölum vinnu sína. Því er lagt til við Yfirfasteignamatsnefnd að erindi Ríkisspítala verði synjað."

Þann 2. júlí 1991 skoðaði Yfirfasteignamatsnefnd húsið að Tunguhálsi 2 í fylgd 2ja forsvarsmanna stofnunarinnar. Húsnæðið er stórt og starfsemin mikið vélvædd. Auk þess að húsa þvottastarfsemina og dauðhreinsun eru þarna geymslur fyrir ónotaðar sjúkravörur, geymslur fyrir gömul læknatæki og geymslur fyrir sjúkraskýrslur o.fl.. Forsvarsmenn stofnunarinnar afhentu nefndarmönnum mjög greinargott yfirlit fyrir hvaða aðila hefði verið unnið fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 1991. Kom þar fram bæði þyngd og krónutala. Upplýsingarnar lágu fyrir í tölvutækuformi. Tekjurnar skiptust þannig: Um 95,5 % komu beint frá Ríkisspítölum, en um 4,5 % svo til eingöngu frá öðrum sjúkrastofnunum.

Í málinu hefur verið lagt fram ljósrit af bréfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu dags. 6/11 1990 til bæjarstjórans í Hveragerði út af því, hvort dvalarheimilunum Ás/Ásbyrgi í Hveragerði bæri að greiða fasteignaskatta til sveitarfélagsins.

Þar segir m.a.:

"Ráðuneytið telur að mannvirki sem tengjast beint rekstri sjúkrastofnunar og eru órjúfanlegur hluti reksturs hennar, s.s. húsnæði fyrir vistmenn/sjúklinga, matsalir, eldhús, þvottahús, föndurhúsnæði, húsnæði fyrir sjúkráþjálfun, heilsugæsluhúsnæði, tengibyggingar og geymslur falli undir undanþáguákvæði 5. gr. laga nr. 90/1991 (réttara: 91/1989) um tekjustofna sveitarfélaga. Önnur mannvirki, sem ekki eru órjúfanlegur hluti af rekstri sjúkrastofnunar heyri því ekki undir undanþáguákvæðið."


Í lögum nr. 91/1989 eru sett ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga, þar á meðal um fasteignaskatt. Í 5. gr. laganna eru taldar upp þær stofnanir, sem undanþegnar eru fasteignaskatti, þar á meðal sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum (sjá lög nr. 97/1990, 23. og 24. gr.). Það er almenn lögskýringarregla, að undantekningar frá almennum reglum beri að skýra þröngt.

Það er skoðun Yfirfasteignamatsnefndar, að sú starfsemi, sem fer fram að Tunguhálsi 2 í Reykjavík, og lýst er hér að framan, sé hluti af nauðsynlegum og eðlilegum rekstri Ríkisspítalanna, og að því leyti hliðstæð rekstri mótuneytis þeirra. Hvorttveggja væri hægt að reka sjálfstætt. Jafnframt verður að telja hvorttveggja eðlilegar rekstrareiningar hjá sjúkrastofnunum, ef menn vilja hafa þann háttinn á. Tilgangur löggjafans með undanþágunum í 5. gr. mun ennfremur vera sá að íþýngja ekki rekstri þessara nauðsynlegra stofnana með fasteignaskatti.

Ekki verður fallist á, að framkomnar röksemdir lögmanns Reykjavíkurborgar breyti neinu í þessu efni.

ÚRSKURÐARORÐ:


Ríkisspítölum er ekki skylt að svara fasteignaskatti af Tunguhálsi 2 í Reykjavík að óbreyttum rekstri þar.



Pétur Stefánsson



Árni Stefánsson



Guðmundur Magnússon